



25. fundur atvinnu- og menningarnefndar
F26-06-065

Atvinnu- og menningarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 6.8.2026, 14:00 – 14:45. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Sævar Björgvinsson
Ritari: Pétur Arason
Fundinn sátu: Freyja Dís Jóhannsdóttir aðalmaður
Kristófer Kristjánsson aðalmaður
Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður
Guðmann Valdimarsson aðalmaður

1. M26-08-459 - Leikfélag Blönduóss - samningur o.fl.

Dagskrárlið frestað.

2. M26-08-461 - Gamli hafnarkraninn á Blönduósi

Atvinnu- og menningarnefnd leggur til við byggðarráð að gamli hafnarkraninn á Blönduóshöfn verði gerður upp og komið fyrir á Blönduóshöfn, en kraninn er nú í Draugargili.

3. M26-08-462 - Blönduóshöfn

Atvinnu- og menningarnefnd beinir því til byggðarráðs að láta loka slóðanum við grjótgarðinn þannig að ekki sé hægt að aka ökutækjum norður fyrir varnargarðinn og að efnistaka verði bönnuð á hafnarsvæðinu. Nefndin felur sveitarstjóra að láta kanna hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að sækja fjármagn í nauðsynlegar framkvæmdir og hvaða aðilar hafi lögsögu um mannvirkin.

4. M26-08-460 - Vatnsdæla 2026

Atvinnu- og menningarnefnd ákveður að Vatnsdæla 2026 verði að þessu sinni helguð minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og öðrum kvenskörungum Austur-Húnavatnssýslu. Dagskrá Vatnsdælu að þessu sinni fer fram föstudaginn 28. ágúst.

5. M26-08-463 - Atvinnu- og markaðsmál Húnabyggðar

Kynnt hafa verið frumdrög að atvinnu- og markaðsstefnu Húnabyggðar og nefndin ákveður að haldinn verði sérstakur vinnufundur til að þróa drögin áfram. Formaður nefndarinnar mun kalla inn á vinnufundinn.